

Gerð skjals: Fundargerð	Kvennaskólinn í Reykjavík	
Dags.: 12. febrúar 2024		
Tími: 14:30		
Staðsetning: Stofa A- 7 aðalbyggingu		
Síða 1 af 1		

Tegund fundar Skólanefnd

Fundarstjóri	Kolfinna Jóhannesdóttir
Fundarritari	Guðný Rún Sigurðadóttir
Mætt	Diljá Ámundadóttir, Birna Imsland, Sigyn Blöndal, Sandra Ocares, Valgerður S. Kristjánsdóttir, Embla María Möller Atladóttir, Kolfinna Jóhannesdóttir, Guðný Rún Sigurðadóttir, Björk Þorgeirsdóttir, Ína Björg Árnadóttir.

	Fundarefni
1.	Fréttir úr félagslífi nemenda Farið yfir helstu viðburði í félagslífi nemenda. Rymja, söngkeppni Kvennó tókst mjög vel en sigurvegari í Rymju er fulltrúi skólans í Söngkeppni framhaldsskólanna 2024. Meðal viðburða framundan eru skíðaferð til Akureyrar, árshátíð og frumsýning Fúríu. Þátttaka í Gettu betur og Morfis stendur nú sem hæst. Lið Kvennó er komið í undanúrslit í Gettu betur og í vikunni keppa nemendur skólans í 8-liða úrslitum í Morfis.
2.	Skólastarfið á vorönn Ína Björg Árnadóttir, náms- og starfsráðgjafi og verkefnisstjóri farsældar kynnti vinnu við innleiðingu á lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Björk Þorgeirsdóttir kynnti niðurstöður úr vinnu starfsfólks og nemenda þar sem valin voru gildi skólans, umhyggja, ábyrgð, fjölbreytileiki. Kynnt var dagskrá Tjarnardaga sem hefst 20. febrúar með valkynningu fyrir nemendur.
3.	Fundargerðir kennarafunda Fundargerð kennarafundar frá 12. janúar 2024 lögð fram.
4.	Uppgjör ársins 2023 Kynnt var niðurstaða úr uppgjöri ársins. Útlit er fyrir halla af rekstri ársins 2023.
5.	Fjárhagsáætlun 2024 Lögð fram rekstraráætlun fyrir árið 2024. Fjárlög gera ráð fyrir aðhaldskröfu í rekstri. Rætt um áframhaldandi vinnu við að hagræða og greina mögulegar aðgerðir til aðhalds í rekstri.
6.	Starfsmannamál Skólameistari rakti breytingar í hópi kennara um áramót. Fjórir nýir kennarar hófu störf í byrjun árs í tengslum við leyfi, yfirfall í kennslu og aðrar afleysingar.
7.	Önnur mál Skólameistari kynnti efni fundar með FSRE sem haldinn verður á morgun. Á fundinum verður farið yfir framkvæmdaáætlun ársins 2024. Í forgangi er að fara í endurbætur á kjallara í Aðalbyggingu. Einnig var greint frá vinnu í tengslum við skráningu og varðveislu muna og samstarfi við sérfræðinga í því samhengi. Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:45.